

1. fundur landssambandsstjórnar DKG haldinn 9. ágúst 2021 - fjarfundur

1. Fundargerð undirbúningsfundar

Guðrún Edda fer yfir helstu punkta úr fundargerð undirbúningsfundar sem haldinn var 23. júní. Fundargerð hefur verið send í tölvupósti til stjórnar.

2. Staðan á nefndarskipun og embættum

Guðrún Edda deilir með stjórn stöðu á nefndarskipun og embættum landssambandsins. Finna þarf nýjar konur fyrir þær sem hafa setið tvö kjörtímabil í nefndum/embættum. Umræður og tillögur að nýjum konum til starfa fyrir landssambandið.

3. Framkvæmdaáætlun – áherslupættir – einkunnarorð (?)

Umræðum frestað til næsta fundar sem haldinn verður 30. ágúst kl. 19:30.

4. Dagskrá framkvæmdaráðsfundar 3. sept. nk.

- a. Lögð verður fram til samþykktar framkvæmdaáætlun stjórnar.
- b. Lögð verður fyrir fjárhagsáætlun sem samþykkt var á síðasta aðalfundi
- c. Lögð verður fyrir til samþykktar fjárhagsáætlun til eins árs.
- d. Lögð verður fyrir tillaga að gjaldkera og vefstjóra landsamtakanna.
- e. Lögð verður fram tillaga um vorþing í maí 2022

Umræður um framkvæmd og dagsetningar fyrir framkvæmdaráðsfund. Ýmsar þælingar vegna stöðu v. Covid. Niðurstaða umræðna leiðir til þess að halda fundinn 3. september á ZOOM kl. 17-21.

5. Hausráðstefna 4. sept. nk.

Hausráðstefnu frestað enn um sinn vegna óvissu í þjóðfélaginu vegna Covid. Umræður og ákvörðun um framkvæmd og dagsetningu varðandi hausráðstefnu verði tekin á framkvæmdaráðsfundi. Ingibjörg Elsa mun ræða við formann menntamálanefndar varðandi þessar breytingar.

6. Fréttabréf forseta

Fréttabréf hefur verið skrifað á Smore og landsambandið hefur borgað áskrift að því forriti. Stjórn samþykkir að halda áfram áskrift að þessu forriti og einnig að halda áfram áskrift að ZOOM.

7. Önnur mál

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 20:55

Fundargerð ritaði Aníta Jónsdóttir.